

Námsþáttur	Við lok 3. bekkjar	Við lok 4. bekkjar (lok 1. stigs)
Hlustun		
<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur einfalt mál og fylgt einföldum frásögnum um kunnulegt efni. • Getur brugðist við því máli sem notað er í kennslustofunni með athöfnum. • Tileinkar sér grunnorðaforða í málefnum sem standa honum næst og getur tjáð sig með notkun orðaforðans bæði munnlega og skriflega. <ul style="list-style-type: none"> ○ Stafrófið og hljóð stafanna ○ Litir ○ fatnaður ○ dagarnir og árstíðir ○ fjölskyldan ○ heimilið ○ líkaminn ○ tölurnar 0- 20 ○ Kurteisisvenjur 	<ul style="list-style-type: none"> • skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt, • skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum • fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnulegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni • fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnulegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur hlustað á og skrifað upp einfaldar setningar. • Bregst við með orðum þegar rætt er um viðfangsefni sem tengjast nemandanum • þekkir og nýtir sér grunnorðaforða í málefnum sem standa honum næst bæði munnlega og skriflega <ul style="list-style-type: none"> ○ skólinn ○ fjölskylda og vinir ○ áhugamál ○ tilfinningar ○ matvæli ○ húsdýrin ○ tölurnar 0 – 100

Lesskilningur

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">• Les og skilur stutta einfalda texta af mismunandi gerð, hvort sem um er að ræða sögutexta, dagblaðatexta eða fræðitexta.• Getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta eða myndum og nýtt í eigin verkefnavinnu.	<ul style="list-style-type: none">• lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum• skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum• fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu• lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none">• Getur sagt munnlega frá eigin áhugamálum og/eða áhugamálum bekkjarfélaga• Nýtt sér fróðleik úr einföldum texta í eigin verkefnavinnu• Getur lesið stuttar einfaldar bækur eða fræðsluefni og endursagt efnið munnlega• Getur lesið stuttan texta og spáð fyrir um framhaldið
----------	--	--

Samskipti

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">• Getur deilt upplýsingum og skoðunum með samnemendum/kennara um efni tengt náminu• Getur brugðist við á viðeigandi hátt þegar rætt er við hann• Nýtir sér orðaförða námsgreinarinnar í samtölum við aðra• Sýnir virðingu í samskiptum og nýtir orðaförða kurteisisvenja í kennslustundum.	<ul style="list-style-type: none">• haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum• spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst• skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu• tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none">• Sýnir virðingu í samskiptum og nýtir orðaförða kurteisisvenja í kennslustundum.• Getur dregið saman í stuttu máli umræður sem hann tók þátt í.
----------	---	---

Frásögn

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">• Getur spurt og svarað um málefni sem snúa að honum sjálfum, fjölskyldu, vinum eða áhugamálum.• Getur sagt frá eftirminnilegum atburði í einföldu máli• Nýtir orðaforða námsgreinarinnar í frásögnum• Getur sagt frá eigin verkefnavinnu í einföldu máli	<ul style="list-style-type: none">• í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum• sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt• endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none">• getur sagt frá eftirminnilegum atburði í samfelldu máli• getur sagt frá eigin verkefnavinnu með eðlilegum framburði og áherslum
----------	--	---

Ritun

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">• Lýst í einföldu máli því sem er honum næst, fjölskyldu, vinum og áhugamálum• Getur lýst sjálfum sér, bæði útliti og persónueinkennum í einföldu máli• Sýnir að hann þekkir og kann að nota í réttu samhengi helstu greinarmerkin eins og upphrópunarmerki og punkta.• Getur skrifað einföld skilaboð til bekkjarfélaga• Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar oþh.•	<ul style="list-style-type: none">• skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki• skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista• lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi• skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst• samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none">• Getur þýtt setningar á ensku yfir á íslensku og öfugt.• Getur skrifað frá eigin brjósti stuttan texta í samfelldu máli um málefni sem tengist honum.• Sýnir með dæmum að hann skilur og notar rétt greinarmerki.• Skrifar af nokkru öryggi einföld skilaboð, smáskilaboð eða tölvupóst
----------	--	---

Meningalæsi

- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none">• Getur bent á lönd á heimskorti þar sem enska er töluð.• Skilur mikilvægi þess að geta skilið og talað ensku.• Getur rætt um og þekkir nokkur orð sem eiga sér annað hvort uppruna í enskri tungu eða eru algjörlega ólík á íslensku og ensku, t.d. epli/apple. | <ul style="list-style-type: none">• sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða• sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra• sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.• |
|--|---|

Námshæfni

- | | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none">• tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. Geti tekið þátt í hópavinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja | <ul style="list-style-type: none">• sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,• beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki• beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur• tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu• tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja• nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur |
|--|--|

Djúpavogsskóli

Heimilisfræði 1.- 4. bekkur

Námsþáttur	Við lok 1. bekkjar	Við lok 2. bekkjar	Við lok 3. bekkjar	Við lok 4. bekkjar Samkv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 154-155
Menningarläsi – sameiginlegt viðmið fyrir allar verkgreinar				
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Getur unnið eftir einföldum fyrirætlunum frá hugmynd til afurðar. Getur unnið sjálfstætt og í hópi Tjáir sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. Gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við heimilisstörf. Gerir sér grein fyrir mikilvægi samvinnu bæði heima og í skóla. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur unnið eftir einföldum fyrirætlunum frá hugmynd til afurðar. Getur unnið bæði sjálfstætt og í hóp. Getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. Hefur tamið sér hreinlæti við heimilisstörf. Gerir sér grein fyrir mikilvægi samvinnu heima og í skóla. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og nýtt þá færni sem hann hefur áður öðlast. Getur unnið bæði sjálfstætt og í hóp Getur tjáð sig um viðfangsefni sitt og tengt við þætti sem tengjast t.d. menningu. Hefur tamið sér hreinlæti og vönduð vinnubrögð. Leggur sitt af mörkum í samvinnu bæði heima og í skóla. 	<ul style="list-style-type: none"> Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. Unnið einföld verkefni í hópi. Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið. Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans. Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín. Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. Gengið frá eftir vinnu sína. Lagt mat á eigin verk.
Matur og lífshættir				
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Áttar sig á mikilvægi þess að borða hollan og góðan mat. Gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis og svefnis. 	<ul style="list-style-type: none"> Skilur tengslin á milli heilbrigðis og góðra matarvenja. Getur borið saman hollar og óhollar fæðutegundir Gerir sér grein fyrir á einfaldan máta, kostnaðarliðum við matargerð og heimilishald. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur tjáð sig um góðar matarvenjur og mikilvægi heilbrigðis. Er fær um að velja hollan mat út frá eigin skilningi á hugtakinu næringarefni. Veit uppruna algengra fæðutegunda, helstu sérkenni þeirra og getur sagt frá með eigin orðum. Getur rætt um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt 	<ul style="list-style-type: none"> Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan. Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> Tjáir sig um og getur útskýrt hvað eru hollar og góðar matarvenjur. Er fær um að velja hollan mat út frá hugtakinu <i>næringarefni</i>. Getur sett saman fæðu þar sem allir flokkar fæðuhringsins koma við sögu. Þekki uppruna algengra fæðutegunda og hver sérkenni þeirra eru. Tekur þátt í umræðu um helstu kostnaðarliði heimilishalds og leiðir til sparnaðar.

Matur og vinnubrögð

<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Getur unnið eftir einföldum uppskriftum með aðstoð. • Þekkir með nafni helstu áhöld og tæki í eldhúsinu og veit nokkurnveginn hvernig á að nota þau. • Þekkir helstu hættur í eldhúsinu og kann að forðast þær 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur unnið eftir einföldum uppskriftum. • Kann að velja og nota viðeigandi áhöld og tæki sem þarf í ákveðin verkefni. • Áttar sig á helstu hættum í eldhúsinu og forðist þær. • Getur, með aðstoð, nýtt sér ýmsa miðla við matargerð, svo sem bækur og netsíður. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnir að hann getur unnið eftir einföldum uppskriftum. • Þekkir flest tæki og áhöld í eldhúsinu og getur notað þau rétt, með aðstoð. • Sýnir ábyrgð í umgengni við eldhúsáhöld og tæki. • Geti nýtt sér netið og aðra miðla til þess að afla sér upplýsinga varðandi heimilishald. 	<p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Vinni sjálfstætt eftir uppskriftum. • Getur valið og notað viðeigandi áhöld og tæki. • Er traustsins verður í allri umgengni í eldhúsinu. • Getur notfært sér internetið og aðra miðla til að afla sér viðeigandi upplýsinga.
-----------------	--	--	---	--

Matur og umhverfi

<ul style="list-style-type: none"> • Getur flokkað einfaldan úrgang • Tekur þátt í umræðu um sorp og endurvinnslu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kann að flokka í lífrænt, plast og pappír. • Tekur þátt í umræðu um hvernig hægt er að minnka sorpið og hvernig við endurnýtum. • Veit hvað felst í hugtakinu sjálfbærni og getur útskýrt það með eigin orðum. • Þekkir einfaldar umbúðamerkingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kann að flokka í lífrænt, plast og pappír. • Veit hvað hreint og ómengað umhverfi er. • Geri sér grein fyrir sameiginlegri ábyrgð á umhverfi okkar. • Kann ýmis hugtök tengd náttúruvernd t.d. flokkun, hreint umhverfi, leiðir til sparnaðar, mengun, endurnýting. • Geti lesið einfaldar umbúðamerkingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kann að flokka í lífrænt, plast og pappír. • Veit hvað hreint og ómengað umhverfi er. • Geri sér grein fyrir sameiginlegri ábyrgð á umhverfi okkar. • Kann ýmis hugtök tengd náttúruvernd t.d. flokkun, hreint umhverfi, leiðir til sparnaðar, mengun, endurnýting. • Geti lesið einfaldar umbúðamerkingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni • Skilið einfaldar umbúðamerkingar <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur flokkað úrgang rétt • Geti rætt um og gert sér grein fyrir hreinu og ómengduðu umhverfi. • Geri sér grein fyrir sameiginlegri ábyrgð á umhverfinu og hlutverki hvers og eins því tengdu. • Þekkir og getur notað í réttu samhengi ýmis hugtök tengd náttúruvernd. • Geti rætt um gildi góðrar umgengni um auðlindir jarðarinnar. • Geti lesið á umbúðir, skilið og gert sér grein fyrir merkingu þeirra.
--	---	---	---	---

Matur og menning

- Sýnir að hann kann helstu borðsiði, kurteisi og tillitssemi við matarborð.
- Þekkir helstu matarhefðir Íslendinga til dæmis tengd jólum, þorra, sprengidegi og bolludegi.

- Sýnir kurteisi og tillitssemi við matarborð.
- Þekkir til matargerðar fyrir og nú og getur sagt frá með eigin orðum.

- Sýnir kurteisi og tillitssemi við matarborð.
- Þekkir aðferðir og áhöld sem notuð voru við geymslu matvæla í gamla daga og getur sagt frá því með eigin orðum.
- Kynnist uppruna ýmissa þjóðlegra íslenskra matvæla.
- Getur nefnt nokkur heiti og hugtök tengd þjóðlegri matargerð svo sem súrsun, reykt, saltað osvfrv.

- Kynnist helstu hátíðum Íslendinga, fyrir og nú og siðum sem þeim fylgja.

Viðmið Djúpvogsskóla

- Sýnir kurteisi og tillitssemi við matarborð.
- Veit hvaða aðferðir voru notaðar við geymslu matvæla fyrir á tímum.
- Þekki aðferðir og áhöld sem notuð voru við matargerð fyrir á tímum og getur sagt frá þeim.
- Þekkir uppruna ýmissa þjóðlegra íslenskra matvæla.
- Getur nefnt ýmis heiti og hugtök tengd þjóðlegri matargerð.

Djúpavogsskóli

Hönnun og smíði 1.- 4. bekkur

Námsþáttur	Við lok 1. bekkjar	Við lok 2. bekkjar	Við lok 3. bekkjar	Við lok 4. bekkjar Samkv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 156--157
Menningarlæsi – sameiginlegt viðmið fyrir allar verkgreinar				
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Gengur frá eftir vinnu sína. • Getur metið heildarframmistöðu sína með orðum. • Getur gert grein fyrir verkefnum sínum með orðum. • Getur teiknað einfalda tvívíða mynd. • Þekkir muninn á grófum og fínnum sandpappír • Getur tjáð sig á einfaldan hátt um verkefni sín, vinnslu þeirra og virkni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir mun á grófu og fínu (sandpappír, þjalir). • Getur metið heildarframmistöðu sína. • Getur gert grein fyrir verkefnum sínum með orðum. • Getur teiknað tvívíða skissu til að útskýra hugmynd sína. • Getur tjáð sig á einfaldan hátt um verkefni sín, vinnslu þeirra og virkni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur notað hugtökin <i>gróft</i> og <i>fint</i> nokkurn veginn rétt. • Þekkir mun á mismunandi tegundum smíðaefnis. • Metur heildarframmistöðu sína. • Gerir grein fyrir verkefnum sínum með orðum. • Getur unnið einföld verkefni í hópi. • Getur tjáð sig á einfaldan hátt um verkefni sín, vinnslu þeirra og virkni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. • Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. • Unnið einföld verkefni í hópi. • Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið. • Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans. • Fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín. • Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. • Gengið frá eftir vinnu sína. • Lagt mat á eigin verk. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkir munn á grófu og fínu hvað varðar áferð og verkfæri. • Getur metið heildarframmistöðu sína. • Getur metið eigin verkefni skriflega. • Leggur sitt af mörkum í verkefni sem er sameiginlegt með öllum nemendahópnum. • Getur borið saman smíðavinnu í dag og áður fyrir með tilliti til tækniþróunar.

				<ul style="list-style-type: none"> • Áttar sig á gömlum byggingum í sveitarfélaginu. • Getur tjáð sig á einfaldan hátt um verkefni sín, vinnslu þeirra og virkni.
--	--	--	--	---

Handverk

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Getur notað útsögunarsög, , litla handsög og hamar. • Þekkir og getur notað sandpappír. • Þekkir og getur unnið með ýmiskonar smíðaeefni. • Getur notað pensla og málningu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir og getur notað af nokkru öryggi útsögunarsög, útsögunarklauf, litla handsög og hamar. • Veit hvað súluborvél og hvernig hún er notuð. • Þekkir mun á grófum og fínum sandpappír. • Getur notað lím til einfaldra samsetninga 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur notað skerstock, tommustokk og vinkil á réttan hátt. • Getur notað súluborvél. • Geturnotað brennipenna til að skreyta smíðisgripi. • Getur gengið frá verkfærum og hreinsað pensla. • Getur beitt sandpappír á réttan hátt bæði með þússkubbi og í hendi. • Gerir sér grein fyrir hvað er vel gert og hvað ekki. • Veit hvað tifsög er og hvernig hún er notuð. 	<ul style="list-style-type: none"> • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt • gert grein fyrir nokkrum smíðaeefnum sem unnið er með. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur notað réttan bor miðað við sverleika. • Getur fest lóðrétt og lárétt í hefilbekk. • Kann að sverfa og raspa. • Getur notað brennipenna til að skreyta smíðisgripi. • Kann að nota læst hnífsbragð við tálgun. • Getur notað sandpappír sem hæfir efni.
----------	--	--	--	---

Hönnun og tækni

Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Getur teiknað einfalda mynd og yfirfært á smíðaeefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur leyst einföld verkefni á sjálfstæðan hátt. • Getur nýtt eigin hugmyndir til að skreyta smíðisgripi. • Gerir sér grein fyrir snúningi hrings og vinnur með hringformið (skopparakringla). 	<ul style="list-style-type: none"> • Kann samsetningu hluta með lími og neglingu. • Getur gert einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni. • Þekkir grunnformin og getur nýtt sér þau við hönnun verkefna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. • Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. • Framkvæmt einfaldar samsetningar.
----------	---	--	---	---

			<ul style="list-style-type: none"> • Veit hvaða orkugjafa má nota í smíðaverkefnum. • Getur hannað og smíðað einfalt farartæki sem er knúið áfram af sjálfbærri orku (vindur, teygja). 	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur. • Bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi. <p>Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.</p> <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ræður við einfaldar samsetningar svo sem límingu, neglingu (endi á enda) og að skrúfa saman. • Getur hannað hlut með einhverri virkni (hreyfanleiki). • Getur bent á aflagjafa ýmissa farartækja og líkt eftir þeim (umræða og tilraunir). • Getur gert teikningu í tvívídd af smíðisgrip í raunstærð. • Vinnur verkefni þar sem þarfir eru greindar og lausnir fundnar.
--	--	--	--	---

Umhverfi

<ul style="list-style-type: none"> • Notar rétt viðeigandi persónuhlífar svo sem málningarslopp og hlífðargleraugu. • Getur gengið snyrtilega um áhöld og sópað vinnusvæðið sitt. • Gerir sér grein fyrir hættum í smíðastofunni. • Fer eftir umgengisreglum smíðastofunnar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Notar rétt viðeigandi persónuhlífar svo sem málningarslopp og hlífðargleraugu. • Beitir líkamanum rétt við vinnu. • Fer eftir umgengisreglum smíðastofunnar. • Getur flokkað smíðaeefni. • Veit að hér á Djúpavogi er skógrækt og þekkir þær trjátegundir sem þar vaxa. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur nýtt smíðaeefni og yfirborðsefni sem best. • Nýtir íslenskt efni, s.s greinar, steina, leður og ólíkar viðartegundir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi • Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með <p>Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar</p> <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkir endurvinnanleg efni og getur flokkað til endurvinnslu. • Getur þrifið umhverfi sitt skipulega. • Nýtir sjórekið timbur.
--	---	--	--

				• Getur nýtt endurvinnanleg efni í verkefnavinnu.
--	--	--	--	---

Djúpavogsskóli

Íslenska 1.- 4. bekkur

Námspáttur	Við lok 1.bekkar	Við lok 2. bekkjar	Við lok 3. bekkjar	Við lok 4.bekkar Samkv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 101-105
Talað mál, hlustun og áhorf				
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Kann fáar einfaldar vísur og ljóð. Getur endursagt stuttar sögur og atburði, t.d. með aðstoð söguvegar. Talar skýrt og áheyrilega og kemur hugsun sinni í orð. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. 	<ul style="list-style-type: none"> Kann nokkrar einfaldar vísur og ljóð Getur tjáð sig með leikrænum tilburðum frammi fyrir hópi. Talar skýrt og áheyrilega frammi fyrir hóp og kemur hugsun sinni í orð. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur sagt frá eftirminnilegum atburði með eðlilegri framvindu. Getur endursagt efni sem hefur verið lesið, hlustað á eða horft á og greint frá upplifun sinni. Getur tjáð skoðanir sínar. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. 	<ul style="list-style-type: none"> Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi. Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
Lestur og bókmenntir				
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Kann alla bókstafi og hljóð þeirra (há- og lágstafi). Þekkir hugtökin bókstafur – orð – setning og getur unnið með þau. Getur greint þriggja til fjögurra hljóða orð og tengt saman við lestur. Getur greint fremsta, mið- og síðasta hljóð í orði. Getur tekið fremsta og 	<ul style="list-style-type: none"> Þekkir lestrarmerkin punkt, kommu, spurningamerki og upphrópunamerki. Greinir og les rétt tvöfaldan samhljóða í orðum. Notar hljóða/lesbútaaðferð til að lesa óþekkt orð. Svarar munnlega 	<ul style="list-style-type: none"> Les lipurt og skýrt. Nýtir orðaforða sinn til að ráða í merkingu orðs út frá samhengi texta. Tengir fyrri þekkingu sína við lesefni til að ná merkingu þess. Velur sér lesefni á bókasafni sem hæfir áhuga og getu. Les sér til ánægju. 	<ul style="list-style-type: none"> Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. Valið sér lesefni eftir áhuga og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til

	<p>síðasta hljóð af orði og fundið hvað er eftir.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur skipt orðum upp eftir atkvæðum. • Þekkir algengar orðmyndir - 100 algengustu orðin og les án þess að hika. • Getur lesið a.m.k. fimm orða setningar. • Þekkir hugtökin forsíða, baksíða, bókakápa og bókakjölur og getur notað í réttu samhengi. • Þekkir hugtökin aðalpersóna, aukapersóna og söguþráður. • Þekkir fáein hugtök og námstæknaðferðir úr Byrjendalæsi, svo sem orð úr/í orði, persónur úr gagnvirka lestrinum osvfrv. • Les u.þ.b. 20-75 orð á mínútu að vori. 	<p>spurningum úr lesnu efni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur leyst einföld lesskilningsverkefni. • Getur lesið stuttan texta og dregið fram aðalatriðin munnlega. (Kúreki í gagnvirkum lestri) • Þekkir hugtökin aðalpersóna, aukapersóna og söguþráður og getur unnið með þau. • Spáir fyrir um framhald efnis. (Spákona í gagnvirkum lestri) • Vinnur með orðaforða í tengslum við merkingu og samhengi texta. (Spæjari í gagnvirkum lestri) • Getur lesið upp fyrir aðra eigin verk eða annarra. • Þekkir og getur nýtt sér mörg hugtök og námstæknaðferðir úr Byrjendalæsi. • Les u.þ.b. 40-100 orð á mínútu að vori. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir hugtakið söguþráður og sögupersóna. • Þekkir og getur nýtt sér flestöll hugtök og námstæknaðferðir úr Byrjendalæsi. • Les u.þ.b. 55-120 orð á mínútu að vori. 	<p>ánægju og skilnings.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. • Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap. • Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu. • Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. • Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. • Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju. <p>Viðmið Djúpvogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkir og nýtir í sjálfstæðri vinnu hugtök og námstæknaðferðir úr Byrjendalæsi • Les u.þ.b. 80-145 orð á mínútu að vori.
--	--	---	---	---

Ritun

<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Notast við rétta skriftarátt. • Geri greinarmun á há- og lágstöfum í ritun. • Dregur rétt til allra stafa, há- og lágstafa • Getur skrifað einfalda frásögn eftir mynd (2-3 	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar læsilega og dregur rétt til stafs. • Hefur eðlilegt bil á milli orða. • Skrifar einfalda frásögn (4-5 setningar). • Skrifar stóran staf í byrjun 	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifar læsilega og með persónulegri rithönd • Notar upphaf, meginmál og niðurlag við ritun texta. • Getur samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, 	<ul style="list-style-type: none"> • Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. • Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. • Samið texta frá eigin brjósti, svo
-----------------	--	---	--	---

	setningar.)	<p><i>málgreinar</i> og setur punkt í lok hennar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað einfaldan texta á tölvu. • Þekkir uppbyggingu texta; upphaf, miðju og endi og nýtir í verkefnavinnu. 	<p>frásögn eða ljóð.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Notar einfaldar stafsetningarreglur við ritun texta, s.s. stóran staf í upphafi málgreinar, stóran staf í sérnöfnum og punkt í lok málgreinar. • Getur skrifað texta á tölvu og nýtt sér einfaldar aðgerðir í ritvinnslu, s.s. að breyta lettri, stækka og minnka letur og breyta um lit á lettri. 	<p>sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. • Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis. • Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. • Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
--	-------------	---	--	--

Málfræði

	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir hugtökin hljóð, samsett orð og málgrein. • Kann íslensku stafrófsvísuna. • Byr til einföld samsett orð. • Getur leikið sér með orð, svo sem að ríma og þekkir það hugtak. • Þekkir mun á sérhljóðum og samhljóðum. • Þekkir hugtökin samnöfn og sérnöfn og getur útskýrt muninn á þeim munnlega. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir einkenni orðflokksins nafnorð og getur fallbeygt einföld orð. • Greinir í sundur sérnöfn og samnöfn. • Getur fundið andheiti/samheiti algengra orða • Getur útskýrt munnlega hvað einkennir sagnorð • Getur útskýrt munnlega hvað einkennir lýsingarorð og bent á einföld lýsingarorð í texta • Þekkir stafrófið og getur nýtt það í vinnu. • Setur saman og tekur í sundur samsett orð. • Getur unnið með orð sem ríma 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur raðað í stafrófsröð. • Þekkir einkenni nafnorða, sagnorða og lýsingarorða og getur unnið með þau hugtök. • Getur búið til málgrein í texta. • Þekkir mun á sérnöfnum og samnöfnum. • Getur leikið sér með orð og merkingu þeirra með því að fara í orðaleiki. 	<ul style="list-style-type: none"> • Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. • Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málgrein. • Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. • Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða. • Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. • Búið til málgreinar og ráðið við að greina málgreinar í eigin texta. • Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. • Leikið sér með orð og merkingu,
--	--	---	---	--

				svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. • Gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.
--	--	--	--	--

Djúpavogsskóli notar lesfimiþrófið Lesferill við mælingar á lestrarhraða nemenda (Raddlestur). Djúpavogsskóli notar Orðarún til að meta lesskilning nemenda.

Hugrekki – Virðing - Samvinna

Djúpavogsskóli

Náttúrugreinar 1.- 4. bekkur

Námsþáttur	Við lok 1. bekkjar	Við lok 2. bekkjar	Við lok 3. bekkjar	Við lok 4. bekkjar Samkv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 169-175
Geta til aðgerða				
	<ul style="list-style-type: none"> • Getur nefnt fáein dæmi um hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. • Ber virðingu fyrir umhverfi sínu, bæði manngerðu og náttúrulegu, og gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að ganga vel um. • Skilur að fólk hefur ólík sjónarmið sem varða málefni daglegs lífs. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur nefnt nokkur dæmi um hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. • Ber virðingu fyrir umhverfi sínu, bæði manngerðu og náttúrulegu, og gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að ganga vel um. • Skilur að fólk hefur ólík sjónarmið sem varða málefni daglegs lífs. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur nefnt dæmi og útskýrt í samfelldu máli hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. • Ber virðingu fyrir umhverfi sínu, bæði manngerðu og náttúrulegu, og gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að ganga vel um. • Getur greint frá ólíkum sjónarmiðum um náttúruvernd, tækni og fleira. • Sýnir frumkvæði og sjálfstæði við öflun upplýsinga á mismunandi miðlum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. • Tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum. • Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. • Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ber virðingu fyrir umhverfi sínu, bæði manngerðu og náttúrulegu, og gengur vel um. • Getur greint frá ólíkum sjónarmiðum um náttúruvernd, tækni og fleira.
Nýsköpun og hagnýting þekkingar				
	<ul style="list-style-type: none"> • Getur rætt og nefnt dæmi um þarfir og vandamál í umhverfi sínu. • Getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis í sjávarútvegi. • Getur útskýrt viðfangsefni náttúruvísinda munnlega og myndrænt. • Getur notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í samræðum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur rætt og nefnt dæmi um þarfir og vandamál í umhverfi sínu. • Getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis í landbúnaði. • Getur útskýrt viðfangsefni náttúruvísinda munnlega og myndrænt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur fundið lausnir á vandamálum í daglegu lífi eða í umhverfi okkar, út frá hugmyndum um nýsköpun. • Getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis tengd matvælaíðnaði. 	<ul style="list-style-type: none"> • Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum. • Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum. • Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra. • Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.

	<ul style="list-style-type: none"> • Áttar sig á mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í samræðum. • Áttar sig á mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur útskýrt viðfangsefni náttúruvísinda munnlega, myndrænt og skriflega. • Getur notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í ræðu og riti. • Getur útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi. • Áttar sig á mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu. 	<p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur fundið lausnir á vandamálum í daglegu lífi eða í umhverfi okkar, út frá hugmyndum um nýsköpun. • Getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis tengd tækni. • Gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu.
--	---	--	--	--

Vinnubrögð og færni

<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær munnlega og myndrænt. • Getur aflað sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti, svo sem vettvangsathugunum og tilraunum. • Getur rætt um náttúrufræðileg efni, bæði í samræðum og í kynningum, og sýnt virka hlustun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt. • Getur aflað sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti, svo sem lestri, vettvangsathugunum og tilraunum. • Getur rætt um náttúrufræðileg efni, bæði í samræðum og í kynningum, og sýnt virka hlustun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt. • Getur aflað sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti, svo sem lestri, vettvangsathugunum og tilraunum. • Getir rætt um náttúrufræðileg efni, bæði í samræðum og í kynningum, og sýnt virka hlustun. • Getur valið sér viðfangsefni innan ákveðins ramma og unnið með það á fjölbreyttan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. • Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum. • Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna. Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. • Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga. • Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. • Hlustað á og rætt hugmyndir annarra. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt. • Getur aflað sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti, svo sem lestri, vettvangsathugunum og tilraunum.
---	--	---	---

				<ul style="list-style-type: none"> • Getur valið sér viðfangsefni innan ákveðins ramma og unnið með það á fjölbreyttan hátt.
Ábyrgð á umhverfinu				
<ul style="list-style-type: none"> • Getur tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð. • Getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. • Getur nefnt dæmi um samspil manns og náttúru. • Getur tekið þátt í að skoða og bæta eigið umhverfi og náttúru 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð. • Getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. • Getur nefnt dæmi um samspil manns og náttúru. • Getur tekið þátt í að skoða og bæta eigið umhverfi og náttúru. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi. • Getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. • Getur rætt um umhverfismál og hvernig maðurinn tengist náttúrunni. • Getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. 	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð. • Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð. • Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. • Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. • Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. <p>Viðmið Djúpavogsskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur rætt um umhverfismál og hvernig maðurinn tengist náttúrunni. • Getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. 	
Að búa á jörðinni				
